



SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stafræna vegferð Reykjavíkurborgar

Á fundi stafræns ráðs þann 14. febrúar 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 49. lið fundargerðar borgarráðs frá 11. janúar 2024:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar skýringa á því af hverju Reykjavíkurborg hefur valið að vera að mestu einsömul á ferð í sinni stafrænu vegferð frekar en að vera í þéttu og nánu samstarfi við önnur sveitarfélög og ríki. Einnig er spurt hvort stafræn yfirvöld borgarinnar geri sér grein fyrir hversu miklu kostnaðarsamara það er að vera einn í þessari vegferð en í samvinnu við önnur sveitarfélög og ríkið. Það hefur orðið æ meira áberandi með tímanum að Reykjavíkurborg er ekki í neinu alvöru samstarfi við aðra og áhersla þjónustu- og nýsköpunarsviðs, snýst frekar um að vera áberandi á erlendri grund en innlendri eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins og fleiri horfa á málið. Skóla- og frístundasvið hefur sem dæmi setið á hakanum. Fram kemur í samantekt samstarfs sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu (liður 7 í embættisafgreiðslum fyrir fund borgarráðs 11.1. 2024) að Reykjavík hefur ekki verið í miklu samstarfi við önnur sveitarfélög eða ríki. Ný skýrsla Innri endurskoðunar renna stoðum undir einmitt þetta svo ekki verði um villst.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 15. febrúar 2024.

Svar:

Það er rangt að þjónustu- og nýsköpunarsvið fyrir hönd Reykjavíkurborgar eigi ekki í virku samstarfi við alla viðeigandi aðila vegna hvers kyns framþróunar í þjónustu, verkferlum og starfsemi borgarinnar (gjarnan nefnt stafræn umbreyting). Reykjavíkurborg er að mörgu leyti leiðandi í stafrænni umbreytingu á Íslandi og hefur frumkvæði að miðlun þekkingar og hugbúnaðar til annarra opinberra stofnana, sveitarfélaga og fleiri aðila, sem nýta sér þessa þekkingu og ferla til eigin þarfa. Reykjavíkurborg á einnig í miklu og góðu samstarfi við óteljandi aðila bæði innan lands og utan.

Það er einnig rangt að skóla- og frístundasvið eða önnur svið borgarinnar hafi setið á hakanum eins og það er orðað hér. Loks hefur það ítrekað komið fram í svörum þjónustu- og nýsköpunarsviðs á undanförunum árum við sambærilegum fyrirspurnum að það er stöðugt metið hvað samstarf við ríki, sveitarfélög eða aðra aðila geti verið



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

viðeigandi og/eða hagkvæmt. Til þess að aðilar fari í samstarf þarf það að vera hagkvæmt fyrir alla þá aðila sem þátt í því taka, ekki bara suma og það er sjaldan hagkvæmt að fara í samstarf, samstarfsins vegna.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri